Waldorfskólinn Sólstafir

Matsskýrsla

skólaárið 2018-2019

Niðurstöður úr sjálfsmati skólaárið 2018-2019

Inngangur.

Waldorfskólinn Sólstafir starfar í Sóltúni 6 og er sjálfstætt rekinn almennur grunnskóli.

Nemendafjöldi skólans eru 90 nemendur árið 2018-2019.

Matsskýrslan inniheldur yfirlit yfir ramma sjálfsmats, yfirlit mats frá 2017-18 auk niðurstöðu matsvinnu og kannana síðasta skólaárs. Að auki er farið yfir umbótaþætti og áætlun fyrir næsta skólaár, þróunarverkefni og símenntun.

Forsenda raunhæfs sjálfsmats er góð og ýtarleg skólanámsskrá og hefur ritun hennar verið þróunarverkefni skólans undanfarin ár.

Markmið og stefna skólans.

Waldorfskólinn Sólstafir er sjálfstætt rekinn grunnskóli sem hefur starfað í Reykjavík frá árinu 2000. Skólinn er sjálfseignarstofnun. Skólinn starfar eftir kennslu og uppeldisfræði Rudolfs Steiner og eru markmið hennar í stuttu máli:

- Að veita nemendum sínum góða menntun.
- Að hlúa að heilbrigðum þroska í hverju barni.
- Að gera hverju barni kleift að nýta hæfileika sína.
- Að hjálpa nemendum að þróa þá færni sem þau þurfa til að leggja sitt af mörkum í samfélaginu.
- Að gera foreldrum mögulegt að velja skóla og uppeldisstefnu í samhljómi við eigin lífssýn.
- Að gera kennurum og starfsfólki kleift að starfa í menntastofnun þar sem lífsgildi þeirra samræmast gildum stofnunarinnar.

Waldorfskólar reyna að gefa nemendum sínum svigrúm til að skynja og reyna nýja hluti, bregðast við þeim, líkja eftir og skapa nýtt. Kennslufræði Steiners gengur út frá því að hugmyndaflug og sköpunargleði séu nauðsynleg til þess að hægt sé að tileinka sér nýja þekkingu og færni.

Einnig að menntastofnanir séu í kjöraðstöðu til að ýta ríkjandi hagnaðar- og afkastasjónarmiðum samfélagsins til hliðar og skapa rými fyrir annarskonar gildi sem gefa lífinu innihald.

Kennarar og starfsfólk skólans skólaárið 2018-2019.

* **Snorri Traustason** Skólastjórn/umsýsla

Waldorfkennari.

Diplóma í mennta og menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst.

.

* **Magdalena Helga Óskarsdóttir** Skólastjórn/ Deildarstjóri sérkennslu /handverk/.

MA. í Waldorf uppeldis og kennslufræði.

Listmeðferðarfræði frá Tobias school of Art.

* **Sigurbjörg Agnes Eiðsdóttir** Skólastjórn/ Umsjónarkennari elsta stigs / íslenska

Grunnskólakennari

* **Anna Cecilia Inghammar** Fagkennari/raungreinar/íþróttir

Grunnskólakennari.

* **Hildur Margrétardóttir** Bekkjarkennari/ handverk

Grunnskólakennari/Waldorfkennari/ MFA myndlist LHÍ

* **Ása Hlín Svavarsdóttir** Umsjónarkennari yngsta stigs/ leiklist

Grunnskólakennari.

*Sigríður Liv Ellingsen Bekkjarkennari fyrsta bekkjar/handverk

Grunnskólakennari

* Álfheiður Þórhallsdóttir Fagkennari/ Danska/Lífsleikni/Handverk.

Grunnskólakennari

*Vigdís Gígja Ingimundardóttir Bekkjarkennari/tónlist/handverkskennsla

Grunnskólakennari/Waldorfkennari/BA listfræði frá Háskóla Íslands

* Mads Holm/Paulina Koprynia matráður skólans.

- **Gunnar Dan Wiium** skólaliði/ húsvörður
- **Henriette Kjeldal** skólaliði

Nemendur.

Skipt var í bekkjardeildir sem hér segir:

* 1. bekkur 12 nemendur , bekkjarkennari : Sigríður Liv Ellingsen
* 2-3. bekkur 20 nemendur, bekkjarkennari: Ása Hlín Svavarsdóttir.
* 4-5. bekkur 19 nemendur, bekkjarkennari: Vigdís G. Ingimundardóttir.
* 6-7. bekkur 21 nemandi, bekkjarkennari: Hildur Margrétardóttir
* 8-9.bekkur 16 nemendur , umsjónarkennari: Sigurbjörg A. Eiðsdóttir

Enginn nemandi var í 10.bekk þetta skólaár.

Námsmat.

Waldorfskólinn leggur áherslu á fjölbreyttar námsmatsaðferðir og er símat á framförum og hæfni nemenda aðal mælikvarði námsmats í skólanum.Kennarar meta vinnu nemenda í kennslustundum og eftir hverja námstörn. Þar er lagt til grundvallar m.a. framfarir, hæfni,skapandi hugsun, ástundun, áhugi, almenn færni og vinnubrögð,félagsfærni og skólasókn. Ekki eru lögð fyrir hefðbundin próf í skólanum.Verið er að innleiða jafningjamat og leiðsagnarmat á efsta stigi skólans.

Samræmd próf eru lögð fyrir í 4,7 og 9.bekk skólans. Nemendum og foreldrum eru kynntar niðurstöður úr þeim og unnið er úr niðurstöðum þeirra.

Nemendur fá skriflega vitnisburði í lok skólaárs. Nemendur 10.bekkjar fá lokamat og vitnisburð frá skólanum í samræmi við reglugerð um brautskráningu nemenda úr grunnskóla.

Foreldrum býðst foreldraviðtal í lok hverrar annar. Þar er farið ýtarlega yfir námsframvindu nemandans ásamt bekkjarkennara, auk þess sem þeir hafa tækifæri til þess að skoða vinnubækur og önnur gögn.Nemendum býðst að vera með með í viðtalinu frá 7- 10.bekk. Nemendum unglingastigs er boðið upp á nemendaviðtöl og ráðgjöf eftir þörfum til að fara yfir stöðu sína og framfarir og setja sér markmið.

Rammi sjálfsmats.

Skólinn hefur unnið að sjálfsmati undanfarin ár eftir samsettu og aðlöguðu kerfi. Rammi þess hefur verið, að styðjast við ýmis matstæki eins og SWOT (strengths, weaknesses, opportunities, threats)-greiningu á stöðu, Þjónustuhringur-heildstætt mat á starfsemi og PIMP(Potential improvement points).

Sú vinna hefur nýst vel til að fá fram styrk og veikleikagreiningu, skoða dreifð vinnunnar á hópa, meta árangur og gera umbótaáætlanir.

Heildstætt mat á starfsemi skólans hefur farið fram undanfarin ár í tengslum við þróunarvinnu vegna byggingar nýs skólahúsnæðis og hafa niðurstöður þeirrar vinnu verið nýttar í tengslum við áætlanagerð í sjálfsmatsvinnu skólans.

Ekki hafa verið þörf á að gera margar formlegar kannanir meðal nemenda og foreldra þar sem skólasamfélagið er lítið og greining á þörfum þeirra og óskum fer stöðugt fram með lifandi samræðum við einstaka nemendur, bekkjarhópa og foreldra, þar sem tekið er tillit til þeirra. Áætlað er að gera formlegar kannanir á viðhorfum foreldra annað til þriðja hvert ár og það sett inn í sjálfsmatsvinnu skólans. Gerð var könnun á viðhorfum foreldra til ýmissa þátta í skólastarfinu á síðasta skólaári, 2016-2017.

Foreldrafélags skólans er virkt og hefur unnið að ýmsum málefnum á skólaárinu til að styrkja skólastarfið, sérstaklega í sambandi við hefðbundnar hátíðir skólans og vinnudaga foreldra.

Kennarateymi skólans hittist vikulega á kennarafundi allt skólaárið og nýtast þeir einnig sem tæki til sjálfsmats, þar sem m.a. er unnið með námsframvindu einstakra nemenda, þarfagreiningar, áætlanir,

gæði skólastarfsins og mat á því, samskipti við ytri aðila og praktísk málefni skólans. Starfsdagar kennara nýtast einnig að hluta í sjálfsmatsvinnu og áætlanagerð.

Í Waldorfskólanum er unnið með valddreifð eða flata stjórnun, þar sem allir kennarar og starfsmenn taka ábyrgð og koma að ákvarðanatöku innan skólans í sameiningu.Kennarar með mikla starfsreynslu eru leiðandi í starfinu. Leiðtogi starfsins er skólastefnan sjálf.

Sjálfsmatsáætlun skólans frá fyrra ári.

Skólaárið 2017-2018 voru mælanleg markmið umbótaáætlunar þessi:

* Jafningjamat kennara og vinna með námsmatsviðmið til að auka gæði kennslunnar og námsins.

* Ljúka fleiri námsgreinum í skólanámsskrá.

* Vinna að samþættingu í námi.

* Samstarf heimilis og skóla styrkt.

Mikilvæg markmið sem gott væri að vinna áfram að á næsta skólaári:

*Styrkja skólamenningu unglingahóps og virkja nemendafélag betur.

*Ýta undir bætt vinnubrögð varðandi umgengni, nýtingu og sjálfbærni í skólastarfinu.

*Leggja sérstaka áherslu á stuðning við tvítyngda nemendur skólans.

*Útfæra og þróa valgreinar hjá elsta stigi skólans.

Kannanir voru ekki lagðar fyrir á síðasta skólaári en áætlað er að leggja fyrir gæðakönnun á vorönn 2020.

Mælanleg markmið sem ákveðið var að raunhæft væri að vinna með áfram í umbótaáætlun fyrir 2018-2019 voru:

 Bætt gæði kennslu.Matsaðferðir samræmdar og hæfniviðmið námsgreina séu skoðuð í tengslum við skólastefnuna á öllum stigum skólans.

Mælikvarði á árangur er að hæfniviðmið fyrir sem flestar námsgreinar í 4,7,9.bekk hafi verið samræmdar í skólanámskrá .

 Að þróunarstarf milli leikskóla og grunnskólastigs sé útfært nánar.

Að samvinna leik og grunnskóla yfir skólaárið sé útfærð með hrynjanda Waldorfstefnunnar í huga og hefðir og sameiginleg viðmið skráð.

 Að efla tvítyngda nemendur og hampa fjölmenningu skólasamfélagsins.

Íslensku og móðurmálskennsla tvítyngdra nemenda sé útfærð betur og fjölmenningarhefðir festar í sessi.

 Að valgreinakennsla og samþætting í kennslunni sé útfærð frekar.

 Sameiginlegt stórt listrænt verkefni með valgreinum unnið á vorönn með öllum aldursstigum.

Mikilvæg langtímamarkmið sem vinna þarf áfram að á næstu þremur árum.

*Að ljúka við næsta áfanga skólabyggingar .

*Að auka nemendafjölda skólans í allt að 150 nemendur.

*Að þróa skólanámskrá enn frekar með framtíðarsýn skólans í huga.

*Betri yfirsýn og skipulag innan stofnunarinnar.

*Vinna að því að menntun Waldorfkennara sé metin til réttinda af skólayfirvöldum.

Til að ná þessum markmiðum er nauðsynlegt að skólinn auki nemendafjölda sinn jafnt og þétt og að verkáætlanir standist.

Stefnumið að lokinni sjálfsmatsvinnu 2017-2018 voru eftirfarandi:

Við viljum framsækinn Waldorfskóla frá leikskólastigi að lokum grunnskóla.

Við viljum metnaðarfullt, lifandi og skapandi starf innan skólasamfélagsins.

Við viljum umhyggju, kærleika og virðingu í öllu skólastarfinu.

Við viljum gott samstarf og þróunarstarf með leikskóladeild í Sóltúni.

Við viljum gott samstarf við grenndarsamfélag okkar og sveitafélag.

Sjálfsmatsvinna og niðurstöður skólaársins 2018-2019

Skólaárið 2018-2019

Vinna að sjálfsmati og niðurstöður.

Á síðasta skólaári var farið í stefnumótunargreiningu í yfir tímabil á kennarafundum á vorönn og síðan unnið úr niðurstöðum á starfsdögum í júní. Í júní 2019 var skólastarfið greint skv. SWOT-greiningarkerfinu og voru niðurstöður hennar í grófum dráttum sem hér segir:

Styrkleikar skólans samkvæmt greiningunni voru m.a:

*Skólastefnan er vel kynnt og meiri umfjöllun um hana í samfélaginu

* ný leikskólabygging styður vel við skólastarfið og er falleg og talar til skólastefnunnar

* Fleiri Waldorfmenntaðir og kennaramenntaðir kennarar starfa við skólann.

* Staðsetning skólans miðsvæðis er mikill styrkleiki.

*Kennarar skólans gengu í KÍ.

Veikleikar og ögranir skólans samkvæmt greiningunni voru m.a:

*Skólalóð er ekki með aðstöðu til íþrótta.

* Aðstaða fyrir handverkskennslu er mjög ábótavant.

*Mikið vinnuálag

*Almenn aðstaða til kennslu og sérkennslu ekki nægilega góð.

*Mikil aukning tvítyngdra barna í skólanum.

*Seinagangur frá skólayfirvöldum gagnvart beiðnum skólans um aukinn nemendakvóta.

Tækifæri sem voru til staðar í starfi skólans skv. greiningu voru m.a:

* 25 ára afmæli skólans og fyrirhuguð sameining leikskólanna í Sóltúni.

*Endurmenntunarmöguleikar eru meiri með meira fjármagni.

*Breytt viðhorf ungra foreldra í takt við stefnu skólans, vistvernd og mannrækt.

* Séð fram á mikinn aðstöðumun fyrir skólann með nýbyggingu sem er í farvatninu.

*Tækifæri til að fá meiri faglega ráðgjöf og fræðslu inn í skólann.

Unnið var áfram með heildarsýn skólans og skólaþróun næstu 5 ára sem útgangspunkt greiningar.

Niðurstöður greiningar þessa skólaárs gefa til kynna að skólinn er að styrkja sig á mikivægum tímamótum, með nýjum skólabyggingum og aukningu í nemendafjölda sem því fylgir, á næstu árum.

Kennarar skólans gengu í Kennarasamband Íslands og hafa þar aðgang að endurmenntunarfjármagni sem mun nýtast þeim enn betur, þó að sannarlega hafi skólinn sjálfur stutt starfsmenn sína til endurmenntunar eins og hægt er, undanfarinn áratug.

Undirbúningur og bygging áfanga tvö í skólabyggingu Waldorfskólans er í fullum gangi og verður hún tilbúin á haustönn 2019 ef allt gengur eftir. Þessi skólabygging er tvílyft og munu átta stórar og glæsilegar skólastofur bætast við innviði skólans, þar sem allir bekkjarhópar komast vel fyrir og einnig verður aðstaða fyrir frístund skólans, sérkennslu og starfsaðstaða fyrir kennarana.

Nemendum hefur fjölgað í skólanum og mun nýtt skólahús vera allri starfsemi skólans mikil lyftistöng inn í framtíðina þar sem aðstöðuleysi til kennslu hefur verið mikið vandamál.

Kennarar hafa unnið með námsmat skólans í vetur og borið saman nýja skólastefnu og grunnþætti hennar við Waldorfstefnuna og er unnið að því að setja fram hæfniviðmið námsgreina skólans sem taka mið af nýrri skólastefnu og áherslum í kennslu og námi í waldorfskólanum. Unnið er að þvi að setja fram nýja forvarnar og lífsleikniáætlun skólans, sem tekur mið af nýrri skólastefnu.

Sjálfbærnihugmyndir skólans eru einnig að mótast og verður sjálfbærni ein af hornsteinum starfsins á komandi árum. Ýmsar áhugaverðar kennsluhugmyndir eru í farvatninu og snúa að ræktun og nýtingu, náttúruskoðun, handverki og samfélagsskoðun.

Leikskóladeild hefur hafið starfsemi sína í Sóltúni og gengur starfið vel. Vinna við að tengja saman skólastigin hefur farið fremur hægt af stað en er þó afar spennandi og gaman að fá leikskólastigið í Sóltúnið. Starfsfólki hefur fjölgað mikiðá staðnum við þessa breytingu og þarf að aðlaga margvíslega þætti sem snúa að aðstöðu og vinnurýmum. Ennfremur hefur skólinn fengið til umráða tvær nýjar kennslustofur í þeirri byggingu og hefur það nýst afar vel fyrir yngstu námshópa skólans en 1-3. bekkur hafa verið í þeim stofum í vetur.

Árið 2019 er 100 afmælisár Waldorfhreyfingarinnar og var því m.a, fagnað með því að skólinn setti upp stóra sýningu á Jónsmessunæturdraumi Shakespeare þar sem allir nemendur skólans tóku þátt. Sýningin var frumsýnd á Barnamenningarhátíð í vor og sýndar nokkrar sýningar.

Skólinn hyggst halda áfram að fagna afmælisárinu á margvíslegan hátt á haustönn og sérstaklega með því að flytja inn í nýja grunnskólabyggingu.

Huga þarf að því að ná fyrri markmiðum með að finna leiðir til að sækja/skrá þá þekkingu sem er til staðar hjá reynslumestu kennurum skólans svo sú þekking nýtist skólanum og skólastarfi waldorfstefnunnar almennt inn í framtíðina. Finna þarf aðstöðu og tíma fyrir þessa kennara til að koma þessu frá sér.

Stefnumið að lokinni sjálfsmatsvinnu 2018-2019 eru áfram þau söm

***Við viljum framsækinn Waldorfskóla í stöðugri þróun.**

***Við viljum metnaðarfullt og skapandi starf innan skólasamfélagsins.**

***Við viljum umhyggju og virðingu í öllu starfi skólans.**

***Við viljum gott samstarf og tengslamyndun við nýja leikskóladeild í Sóltúni.**

***Við viljum gott samstarf við grenndarsamfélag okkar.**

Þessum stefnumiðum hefur verið fylgt vel eftir og er unnið að þeim áfram.

Mælanleg markmið sem ákveðið var að raunhæft væri að vinna með áfram í umbótaáætlun fyrir 2019-2020 voru:

* Hæfniviðmið Waldorfnámsskrárinnar séu skoðuð og inntak og markmið námsgreina skilgreind.
* Að þróunarstarf við sameiningu skólastiga á einum stað haldi áfram
* Að starfi við aðlögun og íslenskukennslu tvítyngdra nemenda sé eflt.

Önnur mikilvæg markmið sem gott væri að vinna að áfram á næstu tveimur skólaárum:

*vinna að góðri símenntunaráætlun og þróa endumenntun kennara.

*Ýta undir bætt vinnubrögð varðandi umgengni, nýtingu og sjálfbærni í skólastarfinu.

*Leggja sérstaka áherslu á stuðning við tvítyngda nemendur skólans.

*Útfæra og þróa valgreinar hjá elsta stigi skólans.

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2019-2020

Fylgirit með starfsáætlun

Umbótaáætlun 2019-2020						
Áfram er unnið með flest markmið frá fyrra ári, að forgangsverkefnum til að styrkja gæði skólastarfsins.						
Tækifæri til umbóta	**Markmið með umbótum**	**Aðgerðir til umbóta**	**Tímasetning aðgerða**	**Ábyrgðaraðili**	**Endurmat, hvenær og hvernig**	**Viðmið um árangur**
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir	Hvaða aðferðir (fjölbreyttar) eru notaðar við gagnaöflun? Starfsdagar í jan og júní	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum.
Matsaðferðir og hæfniviðmið skólans	Að hæfniviðmið Waldorfnáms skrár séu skoðuð og inntak og markmið námsgreina skilgreind	Umsjónarkennarar eldra stigs vinna að verkefninu sameiginlega og kynna í áföngum.	Okt-2019-maí 2020	Sigurbjörg Eiðsdóttir Hildur Margrétardóttir	Aðalnámsskrá Grunnskóla Norsk aðalnámsskrá Waldorfskóla og fleiri rit	Að markmið námsgreina og hæfniviðmið séu skráð í hverri námsgrein fyrir öll stig Waldorfskó

						lans.
Samstarf við Waldorfleiksk ólann Sóltúni	Að þróunarstarf við sameinaða leikskóla og grunnskóla Sólstafa haldi áfram	Samvinna milli skólastiga. Vinnufundir og áætlanagerð	Sept 2019-maí 2020	M.Helga Óskarsdóttir	Vinnufun dir og áætlanag erð til næstu 5 ára á starfsdög um að vori 2020	Samvinna skólastigan na útfærð frekar yfir skólaárið og kynnt.
Tvítyngdir nemendur og fjölmenning í skólastarfinu	Að starf við aðlögun og íslenskukenn slu tvítyngdra nemenda sé eflt.	Þörf tvítyngdra nemenda fyrir aukna kennslu kortlögð.	Sept. 2019-des 2019	Vigdís Gígja Ingimundard óttir	Áætlun fyrir vorönn 2020	Íslenskuken nsla tvítyngdra nemenda betur útfærð og vinnuferli betri.

Langtímamarkmið skólans

Mikilvæg langtímamarkmið sem vinna þarf áfram að á næstu þremur árum.

*Að ljúka við næsta áfanga skólabyggingar .

*Að auka nemendafjölda skólans í allt að 150 nemendur.

*Að þróa skólanámskrá enn frekar með framtíðarsýn skólans í huga.

*Betri yfirsýn og skipulag innan stofnunarinnar.

Til að ná þessum markmiðum er nauðsynlegt að skólinn auki nemendafjölda sinn jafnt og þétt og að verkáætlanir standist.

Umbótaáætlun 2019-20

Umbótaáætlun skólans er áfram tengd þeim atriðum sem verið er að vinna með í gegnum mat skólans á forgangsverkefnum til að styrkja gæði skólastarfsins. Unnið verður með þessi verkefni að minnsta kosti næstu þrjú skólaár til viðbótar sem aðalverkefni og leitast við að byggja upp raunhæf ferli sem virka vel í skólastarfinu.